

Heimildaskrá kemur á nýrri blaðsíðu í lok ritgerðar. Þar koma fram allar þær heimildir sem vísað er til í ritgerðinni, beint eða óbeint. Þeim skal raða í stafrófsröð og skrá samkvæmt föstum reglum. Heimildir á aldrei að númera í heimildaskrá. Númer koma aðeins í tilvísanir í neðanmálsgreinar.

APA 7 – Heimildaskrá fyrir vefsíður

Allar heimildir þarf að setja upp með sama uppsetningarformi

Þegar notaðar eru upplýsingar af vefsíðu í ritgerð þarf að vísa í heimildina í textanum og skrá hana einnig í heimildaskrá aftast í ritgerðinni.

Hvernig heimildin er skráð fer meðal annars eftir því hvort höfundur og dagsetning koma fram á vefsíðunni.

Vefsíða með höfundi/stofnun og dagsetningu: Höfundur. (Ár, dagur, mánuður). *Heiti vefsíðu*. Slóð

Vefslóðin er ekki skáletruð og ekki er settur punktur á eftir henni.

Slóðin á að standa ein og sér í lok færslunnar.

Ekki þarf að skrifa „Sótt þann ...“ nema um sé að ræða efni sem breytist reglulega, þannig að innihald síðunnar getur verið annað þegar farið er inn á hana síðar.

Dagsetningar

Í APA er sett sú dagsetning sem kemur fram á vefsíðunni; ekki þarf að geta sér til um dagsetningu.

Ekki setja dagsetningarnar inn nema þær séu raunverulega birtar/uppfærðar á síðunum sjálfum.

Heimildirnar eiga að vera í stafrófsröð.

Heimildaskráin er yfirleitt með línubili 1, hangandi inndrætti (Hanging Indent) og bili á eftir 3 pt.

Ef stofnunin er bæði höfundur og útgefandi, er nafn stofnunarinnar ekki endurtekið sem útgefandi.

Dæmi um heimildaskrá með línubili 1, hangandi inndrætti 0,7 cm og 3 pt á eftir:

American Academy of Dermatology Association. (2025, 15. ágúst). *How to prevent skin cancer*.

<https://www.aad.org/public/diseases/skin-cancer/how-to-prevent>

American Cancer Society. (2025, 31. mars). *What is Cancer?*

<https://www.cancer.org/cancer/understanding-cancer/what-is-cancer.html>

Cancer Research UK. (2023, 30. nóvember). *How do sunbeds cause skin cancer?*

<https://www.cancerresearchuk.org/about-cancer/causes-of-cancer/sun-uv-and-cancer/how-do-sunbeds-cause-skin-cancer>

Cleveland Clinic. (2021, 19. október). *Epidermis*. <https://my.clevelandclinic.org/health/body/21901-epidermis>

Krabbameinsfélag Íslands. (e.d.). *Sól og útfjólubláir geislar*. <https://www.krabb.is/forvarnir/solarvarnir/sol-og-utfjolublair-geislar>

Mayo Clinic. (2023, 17. október). *Rosacea: Symptoms and causes*. <https://www.mayoclinic.org/diseases-conditions/rosacea/symptoms-causes/syc-20353815>

Mayo Clinic. (2025). *Melanoma: Symptoms & causes*. <https://www.mayoclinic.org/diseases-conditions/melanoma/symptoms-causes/syc-20374884>

Mayo Clinic. (2025, 19. september). *Basal cell carcinoma: Symptoms & causes*.

<https://www.mayoclinic.org/diseases-conditions/basal-cell-carcinoma/symptoms-causes/syc-20354187>

Mynda- og töfluskrár

Ef ritgerð eða verkefni inniheldur margar myndir og töflur getur verið gagnlegt (eða nauðsynlegt) að hafa sérstaka mynda- og töfluskrá.

Myndir og töflur eiga að vera númeraðar í rétttri röð.

Setja á númer og nafn töflu/myndar fyrir ofan töflu en fyrir neðan mynd og skrifa stutta lýsingu.

Töflur eru notaðar til að skýra talnagögn eða tölfræðilegar upplýsingar.

Fyrirsagnirnar fyrir töflu- og myndaskrá eru skrifaðar áður en skrárnar eru kallaðar fram á eftir efnisyfirliti.

APA 7 gerir ráð fyrir að neðanmálsgreinar séu notaðar sparlega.

Gert er ráð fyrir að nota neðanmálsgreinar í þremur tilvikum:

1. Skýra eða bæta við upplýsingar sem trufla flæði megintextans
2. Koma með viðbótarupplýsingar
3. Birta upplýsingar um höfundarrétt að myndefni

Neðanmálsgreinar eiga ekki að koma í stað heimildatilvísana í texta.

Í lesmáli er vísað í neðanmálsgrein með litlum tölustaf sem stendur ofar línu (Superscript), yfirleitt á eftir greinarmerki (punkt). Þetta er hægt að gera með auðveldum hætti í Word með skipuninni Tilvísanir

Setja inn neðanmálsgrein (References – Insert Footnote).

Nánari leiðbeiningar um heimildaskrár eru á vefsíðunni [Johanna.is – Heimildaskráning APA \(tafla\)](#)

Vefsíða með höfundi Ef einstaklingur er skráður sem höfundur, kemur nafn höfundar fyrst.

Íslenskur höfundur: Fornafn, eftirnafn. (Ár, dagur, mánuður). *Titill vefsíðu*. Heiti vefs. Vefslóð

Eiríkur Rögnvaldsson. (2026, 24. ágúst). *Eiga tungumál að vera rökrétt?* Vísindavefurinn.

<https://visindavefur.is/svar.php?id=88697>

Tilvísun (Eiríkur Rögnvaldsson, 2026)

Erlendur höfundur: Eftirnafn, upphafsstafur fornafns. (Ár, dagur, mánuður). *Titill vefsíðu*. Heiti vefs. Vefslóð

Khetarpal, S. (2025, 8. apríl). *Skin care tips from a dermatologist*. Cleveland Clinic.

<https://health.clevelandclinic.org/skin-care-tips>

Tilvísun (Khetarpal, 2025)

Vefsíða án höfundar

Ef **enginn** (manneskja eða stofnun) er skráður sem höfundur, byrjar heimildin á heiti vefsíðunnar.

Heiti vefsíðu. (Ár, dagur, mánuður). Vefslóð

Hvað er netöryggi? (2025, 12. febrúar). <https://www.example.is>

Tilvísun (*Hvað er netöryggi?*, 2025)

Vefsíða án dagsetningar

Ef **engin dagsetning** kemur fram á vefsíðunni er notað (**e.d.**), sem þýðir engin dagsetning.

Höfundur/stofnun. (e.d.). *Heiti vefsíðu*. Vefslóð

Krabbameinsfélag Íslands. (e.d.). *Sól og útfjólubláir geislar*.

<https://www.krabb.is/forvarnir/solarvarnir/sol-og-utfjolublair-geislar>

Tilvísun (Krabbameinsfélag Íslands, e.d.)

Vefsíða þar sem stofnunin er höfundur

Ef stofnun eða fyrirtæki er höfundur, kemur nafn stofnunarinnar fyrst.

Nafn stofnunar. (Ár, dagur, mánuður). *Heiti vefsíðu*. Vefslóð

American Cancer Society. (2024, 1. maí). *What is Cancer?* <https://www.cancer.org/cancer/understanding-cancer/what-is-cancer.html>

Tilvísun (American Cancer Society, 2024)

Bók eftir tvo eða fleiri íslenska höfunda¹

Nöfn höfunda. (Ártal). *Titill* (útgáfunúmer² eða bindi ef við á). Útgefandi.

Á. Bergljót Stefánsdóttir og Guðrún Pétursdóttir. (2012). *Andlitsmeðferð og efnafræði snyrtivara*. Iðnú.

Tilvísun (Á. Bergljót Stefánsdóttir og Guðrún Pétursdóttir, 2012)

¹ Nöfnum höfunda er raðað eins og þau eru á bókarkápu.

² Útgáfunúmer er aðeins tekið fram ef um er að ræða aðra eða síðari útgáfu. Ekki þarf að gefa upp 1. útgáfu.